Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur, Reykjavík
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Aðstoðarritstjóri Björn Bjarnason.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson, Björn Jóhannsson, Árni Jörgensen.
Fréttastjórar Freysteinn Jóhannsson, Magnús Finnsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Ágúst Ingi Jónsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 691100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 83033. Áskriftargjald 1000 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 90 kr. eintakið.

Þorskar á vísum stað

Hvarvetna í Norður-Atlantshafi hefur þorskum fækkað. Jafnt við Kanada og strendur Noregs hafa veiðar dregist mikið saman. Öll þekkjum við niðurskurð á leyfilegum hámarksafla hér við land og afleiðingar þess. Fiskifræðingar mæla með því að dregið sé úr veiðum til að vernda þorskstofninn. Hætta er talin á, að sé gengið of nærri stofninum, hrynji hann einfaldlega og ekkert verði eftir. Þetta virðist hafa gerst í Barentshafi, þar sem stofnarnir hafa ekki náð sér á strik. Skapar þetta byggðavanda í Noregi og kallar á mikil útgjöld úr ríkissjóði.

Norðmönnum er mikið í mun að byggð haldist í landi þeirra öllu og vilja leggja töluvert á sig til að hindra, að íbúar flytjist suður á bóginn til þeirra svæða sem næst eru mörkuðum í Evrópu og olíulindunum undan ströndum landsins. Til þess að styrkja allar stoðir atvinnulífsins og nýta landkosti sem best hafa norsk stjórnvöld lagt þeim lið, sem vilja reyna fyrir sér í fiskirækt. Leita menn fyrirmynda til Norðmanna og njóta góðs af rannsóknum þeirra í fiskirækt og við sölu á eldisfiski. Undanfarið hafa birst hér í blaðinu fréttir af því, hvernig Norðmenn líta á þorsk- og lúðueldi og vex bjartsýnin með hverri frétt, ef þannig má að orði kveða.

Á forsíðu Morgunblaðsins í gær er haft eftir Snorre Tilseth, yfirmanni hafbeitardeildar Hafrannsóknastofnunarinnar í Björgvin, að nú sé það aðeins spurning um tíma hvenær þorskeldi verði jafn mikilvægt veiðunum sjálfum. Spáir hann því, að þorskeldisstöðvarnar verði orðnar 150 eftir 10 ár og 700 eftir önnur 10 og framleiði þá samtals 170.000 tonn eða jafn mikið og nemur þorskveiðum Norðmanna á þessu ári.

Þetta eru mikil tíðindi fyrir þjóð sem á jafn mikið undir veiðum á þorski og við Íslendingar. Ef nágrannar okkar líta þannig á að þeir geti innan tiltölulega skamms tíma gengið að þorskinum vísum í eldisstöðvum, þurfum við ekki aðeins að keppa við ríkisstyrktar veiðar heldur fisk sem aflað er án alls þess kostnaðar sem fylgir útgerð og sókn á óviss mið. Þorskeldi er dýrt og mörg ljón eru enn á veginum, þar til þorskurinn bíður eftir því í kerum að fara á disk neytandans. Framtíðarsýn Norðmanna er hins vegar skýr.

Íslendingar verða að fylgjast náið með því, sem Norðmenn eru að gera á þessu sviði. Fiskeldi hefur að mörgu leyti reynst erfiðara og dýrara hér en margir héldu, að minnsta kosti ef tekið er mið af því, hvernig fyrirtækjum í þessari nýju atvinnugrein hefur vegnað. Þótt áhugi á frekari fjárfestingum í greininni sé ekki mikill um þessar mundir, má ekki leggja árar í bát. Hvaða líkur telja menn á því að hér við land megi ala upp þorsk? Hvernig líta reikningsdæmi er tengjast slíku eldi út? Hverjir eiga að hafa forystu í þessu máli? Við þessum spurningum þurfa að fást skýr svör.

Karmelsystur

Þess er nú minnst, að hálf öld er liðin frá því að Karmelsystur komu hingað til lands frá Hollandi og stofnuðu klaustur að Jófríðarstöðum í Hafnarfirði. Þegar til þess var stofnað hafði ekkert klaustur verið hér á landi síðan um miðja 16. öld, þegar Helgafellsklaustur var aflagt. Í júní 1983 hurfu síðustu hollensku systurnar héðan af landi. Höfðu þær reynt margt til að halda starfinu áfram en sögðust vera orðnar of fáar og lasburða til að geta það. Í mars 1984 komu fyrstu Karmelsysturnar frá Póllandi hingað og síðan hefur starf þeirra að Jófríðarstöðum blómstrað og nú eru fleiri nunnur í klaustrinu en reglan leyfir. Hverfa nokkrar þeirra héðan í sumar til að stofna nýtt klaustur í Tromsö. Hefði ýmsum þótt ótrúlegt að pólskar nunnur frá Íslandi ættu eftir að verða brautryðjendur í klaustri í Tromsö — en vegir Guðs eru órannsakanlegir.

Okkur Íslendingum er fagnaðarefni að pólsku systrunum vegnar jafnvel og raun ber vitni hér á meðal okkar. Þær eru fullar þakklætis í garð lands og þjóðar, sem þær minnast jafnan í bænum sínum. Líf sitt helga þær andlegri þjónustu við Guð og menn með bænahaldi, hugleiðslu, lofgjörð og tilbeiðslu.

Sæki fleiri nunnur um dvöl hér á landi en Jófríðarstaðaklaustrið getur annað ætti að gefa reglunni tækifæri til að stofna nýtt klaustur hér á landi, til dæmis í nágrenni við Akureyri.

Sterkur Sjálfstæðisflokkur

eftir Þorstein Pálsson

Sjálfstæðismenn höfðu ærna ástæðu til þess að fagna þegar tölur voru smám saman að berast á öldum ljósvakans í sveitarstjórnarkosningunum um síðastliðna helgi. Á landsvísu voru þetta ein bestu kosningaúrslit sem flokkurinn hefur fengið.

Með allra bestu kosningaúrslitum

Á landinu öllu fékk Sjálfstæðisflokkurinn um 47% greiddra atkvæða. Það er nokkurn veginn sama hlutfall og árið 1974. Aðeins einu sinni áður hefur kosningahlutfallið verið betra en það var árið 1958 en þá fékk flokkurinn 50% atkvæða á landinu öllu.

Árið 1986 fengu sjálfstæðismenn viðunandi kosningu á landinu öllu eða um 42,7% greiddra atkvæða. Hér er því um mjög ótvíræða aukningu að ræða frá síðustu kosningum til þess sem best hefur gerst í sögu flokksins. Útilokað er að túlka niðurstöðurnar með öðrum hætti.

Ýmsir hafa haldið því fram að kosningasigur sjálfstæðismanna hafi verið bundinn við suð-vesturhornið, en svo er alls ekki. Flokkurinn vinnur verulega á í öllum kjördæmum nema Norðurlandskjördæmunum. Í heild sinni eykur hann fylgi sitt á landsbyggðinni frá ágætum niðurstöðum 1986.

Stórsigur í Reykjavík

Glæsilegustum árangri náði flokkurinn í Reykjavík. Það er algjörlega einstakt að ná 60% atkvæða í höfuðborginni. Þar kemur til góð málefnastaða, einstakar persónulegar vinsældir borgarstjórans og alveg óvenju sundurlaus tætingur sex vinstri framboða.

Úrslitin í Reykjavík vega vitaskuld þungt. Þar fær Sjálfstæðisflokkurinn 34.000 atkvæði. Reykjavík verður einfaldlega ekki borin saman við önnur sveitarfélög að þessu leyti. Í 30 kaupstöðum fékk Sjálfstæðisflokkurinn 48% atkvæða á móti rúmlega 42% 1986.

Fylgi Framsóknar hefur minnkað verulega á áratug

Báðir A-flokkarnir tapa verulegu fylgi. Óumdeilt er að sameiginleg framboð þeirra og í sumum tilvikum einnig Framsóknarflokksins hafa gjörsamlega misheppnast. Og athyglivert er að í fyrsta skipti á Alþýðuflokkurinn enga fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur. Fylgi Alþýðuflokksins á landinu öllu minnkar úr rúmlega 16% niður í 10%. Fylgi Alþýðubandalagsins minnkar úr tæplega 20% niður í rúmlega 9%.

Á hinn bóginn heldur Framsóknarflokkurinn nokkurn veginn velli. Hann fær um 1% minna fylgi en í síðustu kosningum. Miðað við allar aðstæður hlýtur það að teljast viðunandi niðurstaða fyrir framsóknarmenn. Þeir vinna lítils háttar á í Reykjavík frá síðustu kosningum en ná þó ekki sama hlutfalli og þeir fengu eftir hrunið 1978. Og í heild minnkar fylgi þeirra í sveitarfélögum utan Reykjavíkur, einkanlega á Reykjanesi. En á nokkrum stöðum bæta þeir fylgi sitt og sums staðar verulega eins og á Akureyri.

Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga að lengi vel hafði Framsóknarflokkurinn allt að 19% atkvæða í sveitarstjórnarkosningum á landsvísu. En frá 1978 hefur heildarfylgið verið að minnka smám saman og er nú komið niður í 12%. Fylgi Framsóknarflokksins í Reykjavík var lengi vel um 17% en hefur verið að minnka frá 1978 og er komið niður í rúmlega 8%. Þróunin er greinlega niður á við í atkvæðafylgi Framsóknarflokksins.

Málefnalegur stuðningur

Á það hefur verið bent að Sjálfstæðisflokkurinn vinnur jafnan verulega á í kosningum þegar vinstri stjórnir sitja. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að aðstæður voru með nokkru öðrum hætti 1958 og 1974 þegar sambærilegir sigrar unnust. Í bæði skiptin höfðu þá staðið mjög harðar deilur um stefnuna í utanríkis- og varnarmálum og veru varnarliðsins. Í bæði skiptin stóð einnig svo á að verðbólga fór vaxandi.

Nú hefur á hinn bóginn verið friður um varnarmálin og vegna frumkvæðis forystumanna atvinnurekenda og launafólks hefur verðbólga farið lækkandi á fyrri hluta þessa árs. En allir vissu að það stefndi í vaxandi verðbólgu ef efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefði fengið að njóta sín eins og hún var kynnt um síðastliðin áramót. Og nú eftir kosningar hafa verið birtar áætlanir um tvöfalt meiri verðbólgu í sumar en forsendur aðila vinnumarkaðarins gerðu ráð fyrir. En því var leynt fram yfir kosningar.

Árangurinn í kosningunum nú er ekki síst athyglisverður í þessu ljósi. Ætla má að óánægjufylgið sé minna en málefnafylgið meira en áður af þessum sökum. Fyrir þá sök eru augljóslega fólgin skýr skilaboð í niðurstöðum þessara kosninga sem enginn getur lokað augunum fyrir.

Engum blöðum er um það að fletta að niðurstöður þessara kosninga endurspegla almennan vilja til þess að frjálslynd viðhorf ráði ferðinni í sveitarstjórnum og landsmálum. Í annan stað felst sú vísbending í þessum úrslitum að kjósendur óski eftir meiri festu í stjórnmálum. Svo virðist sem kjósendur séu að snúa baki við fjölflokka glundroða og vilji samhentar og sterkar stjórnir.

Önnur valdahlutföll á Alþingi en í þjóðfélaginu

Menn spyrja gjarnan þeirrar spurningar hvort í kosningaúrslitunum felist krafa um nýjar kosningar til Alþingis. Eðli máls samkvæmt er aldrei hægt að lesa slíka kröfu út úr sveitarstjórnarkosningum. En þær geta flutt skýr skilaboð um það að vilji fólksins standi til þess að breyta til og um það er ekki að villast að þessu sinni. Enda þótt kosningarnar feli ekki í sér sjálfkrafa kröfu um nýjar þingkosningar, sýnist vera augljóst að niðurstöður þeirra hafa áhrif á stöðu ríkisstjórnarinnar.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð á grundvelli mjög veikrar stöðu Sjálfstæðisflokksins í þinginu eftir síðustu Alþingiskosningar. Þá varð flokkurinn í kjölfar klofnings fyrir mesta áfalli í sögu sinni. Í kosningum hefur nú verið staðfest að Sjálfstæðisflokkurinn er sameinaður á ný og hefur yfirunnið þá erfiðleika og stendur nú með fullum styrk í þjóðmálabaráttunni.

Á sama hátt er ljóst að Borgaraflokkurinn sem haldið hefur lífi í núverandi ríkisstjórn, fyrst með hulduatkvæðum og síðan með opinberum hrossakaupum er ekki lengur til. Hann hefur horfið í kosningum. Pólitískar forsendur stjórnarsamstarfsins eru því ekki lengur til í þjóðfélaginu þó að þær standi enn á Alþingi.

Undirstöður ríkisstjórnarinnar veikar

Umbrotin í A-flokkunum hljóta einnig að veikja undirstöður stjórnarsamstarfsins. Alþýðuflokkurinn hef-

Fylgi Framsóknarflokks í sveitarstjórnarkosnin

	1966	1970	1974
B-listi	18,9	18,8	15,5
D-listi	41,1	41,2	47,5

ur augljóslega misst eitthvað af fylgi fyrst og fremst yfir til Sjálfstæðisflokksins. Hann verður því í veikari


Listahátíð og Kjarvalsstaðir:

Íslenskar höggmyndir 1900-1950

SÝNINGIN Íslensk höggmyndalist 1900-1950 verður á Kjarvalsstöðum 2. júní til 8. júlí í tilefni Listahátíðar.

Á sýningunni eru verk eftir Ásmund Sveinsson, Einar Jónsson, Guðmund Einarsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Magnús Á. Árnason, Martein Guðmundsson, Nínu Sæmundsdóttur, Ríkharð Jónsson og Sigurjón Ólafsson.

Á sýningunni er ekki ætlunin að gefa heildaryfirlit yfir feril hvers listamanns heldur er lögð áhersla á að sýna helstu listastrauma í höggmyndalistinni á fyrri hluta aldarinnar.



Járnsmiðurinn eftir Ásmund Sveinsson.